

Aðalfundur Rauða krossins á Grand hótél laugardaginn 17. maí 2014.

Formaður Rauða krossins á Íslandi, Anna Stefánsdóttir, bauð fundarmenn velkomna, kynnti nýja formenn og minntist látinna féлага.

Anna lagði út frá því að 90 eru liðin frá stofnun Rauða krossins á Íslandi og skýrslunni *Hvar þrengir að?* sem kynnt var almenningi deginum fyrir aðalfund. Anna benti á að gott væri að leiða hugann að þeim sameiginlegu hugsjónum sem milljónir sjálfboðaliða og starfsmanna í 189 landsfélögum Rauða krossins og Rauða hálfmánans um allan heim starfa eftir. Landsfélag okkar skipar mikilvægan sess innan Alþjóðahreyfingarinnar. Anna minntist á vinnuna sem lögð var í stefnu félagsins til 2020 og skiptir miklu máli að hún hafi verið unnin með hátt í 300 sjálfboðaliðunum um allt land. Afmælisnefnd ákvað að tileinka 90. afmælisári Rauða krossins skyndihjálpi. Stefnt er að því að gefa sem flestum landsmönnum þekkingu í skyndihjálpi sem afmælisgjöf frá félaginu og auka þannig líkur á að fólk hafi grunnþekkingu á því hvernig hægt er að bjarga mannlífi á neyðarstundu. Anna talaði einnig um mikilvægi félagsins varðandi neyðarviðbúnað og neyðarviðbrögð og hefur félagið eflt og styrkt viðbúnað vegna neyðarvarna með opnun Neyðarmiðstöðvar á landsskrifstofu. Anna lagði áherslu á að við ættum ætíð að halda vöku okkar yfir velferð þeirra sem standa höllum fæti þegar hún fór yfir niðurstöður könnunar Rauða krossins *Hvar þrengir að?* Niðurstaða skýrslunnar mun sem fyrr nýtast Rauða krossinum við endurskoðun á verkefnum félagsins til næstu ára. Þar vekur athygli að hóparnir sem búa við kröpp kjör, félagslega einangrun og fordóma eru í stórum dráttum þeir sömu í öllum fimm könnunum Rauða krossins á síðustu 20 árum. Við getum þó verið stolt af því starfi sem við höfum unnið í þágu fólks með geðraskanir og eflingu verkefna, t.d. heimsóknavinapjónustu. Anna ræddi um málsvarastarf þar sem Rauði krossinn þarf að koma inn og benda stjórnvöldum á nauðsyn þess að bæta lífsafkomu fólks. Sama segir í skýrslu landsfélaga Rauða krossins um fátækt í Evrópu að staðan í álfunni sé sú að milljónir Evrópumanna skorti nú öryggistilfinningu og lífi í óvissu um hvað framtíðin ber í skauti sér. Þetta á einnig við um líðan fjölda Íslendinga nú síðustu ár og getur styrkur okkar í starfi komið að góðum notum. Við höfum einnig skyldur við fólk í löndum þar sem fátækt er landlæg og skæðir sjúkdómar og hamfarir og stríðsátök ríkja. Þó stuðningur Rauða krossins á Íslandi virðist lítill í alþjóðlegu samhengi er Anna þess fullviss að hann er þeim sem hans njóta ómetanlegur. Rauði krossinn verður að taka afstöðu með þeim sem höllum fæti standa. Við þurfum að standa vörð um mannréttindi og virðingu, sporna við fordómum og hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Þetta þarf að gera með sjálfboðaliðum okkar sem búa yfir margvíslegum eiginleikum og eru reiðubúnir að bjóða fram krafta sína, samfélaginu til góðs. Að lokum sagði Anna: „Rauði krossinn leggur sitt lóð á vogarskálarnar til að styðja þá sem höllum fæti standa. Ég skora á okkur öll að halda áfram þeirri vegferð með góðu og kraftmiklu starfi. Með sameinuðu átaki leggjum við grunninn að betri framtíð.“

Að ræðu formanns lokinni var sýnt skyndihjálparmyndbandið um Klaufa og því næst setti formaður fundinn.

Viðurkenningar til sjálfboðaliða og verkefna. *Anna Stefánsdóttir formaður veitti viðurkenningar með aðstoð Eyrúnar Sigurðardóttur.*

Sigurður Pétur Harðarson Reykjavík. Sjálfböðaliði til margra ára þrátt fyrir að glíma við veikindi. Vinnur við neyðarvarnir, í Frú Ragnheiði, í Fatasöfnun og 1717. Áhugasamur og drífandi sjálfböðaliði. **Steinar Baldursson** Siglufirði. Hógvær og hljóður sjálfböðaliði en vinnur af ósérhlífni. Hann sat í stjórn á Siglufirði til fjölda ára og vann þar mikilvæg störf fyrir félagið. **Þórhildur Sigurðardóttir** Þingeyjarsýslu. Vandvirk, hætti í deildinni í mars. Traustur sjálfböðaliði sem vinnur af ósérhlífni. **Auður Kristjánsdóttir** kvennadeild Reykjavíkur. Vinnur ómetanlegt sjálfböðastarf. Veitir bókasafni sjúkrahúss forstöðu og er í stjórn kvennadeildar. Sjálfböðaliði síðan 1989. **Guðný Bergvinsdóttir** Eyjafjarðardeild. Í stjórn á Akureyri, í fjölda ára máttarstólpi í skyndihjálparhópi og leiðbeinandi í skyndihjálp. Ein af þeim sem hafa sett mark sitt á starf Rauða krossins. Hefur setið í stjórn Rauða krossins. **Grundarskóli á Akranesi**. Hefur safnað 52.000 kr. í GTG og safnað alls 8 sinnum. Safnað rúmum 2 milljónum króna fyrir Malaví. Styrkja fátækustu börnin í Zirasulu sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis. Framlög þeirra hafa styrkt börnin m.a. með greiðslu á skólagjöldum og skólabúningum. Rauði krossinn veitti þeim síðast sérstakan viðurkenningarskjöld frá Malaví. Verkefnið verður kynnt sérstaklega í fjölmiðlum.

Kjörbréf: Farið var yfir hversu margar deildir áttu fulltrúa á fundinum og hversu margir fulltrúar (aðalmenn sér og varamenn sér) voru mættir og þess óskað að fundurinn samþykki þau án þess að nöfnin væru lesin upp. – 94 fulltrúar frá 42 deildum. Var það samþykkt. Síðar á fundinum bættust við aðalfundfulltrúar og voru greidd 102 atkvæði en deildarfjöldinn sá sami, 42 deildir.

Fundarstjóri kosinn: Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga.

Fundarritarar kosnir: Bryndís Friðgeirsdóttir og Ingibjörg Eggertsdóttir, verkefnisstjórar á landsskrifstofu.

Formaður afhendir fundarstjóra fundarstjórn. Fundarstjóri úrskurðar um lögmati fundarins, gerir grein fyrir dagskrá hans og fundargögnum. Fundarstjóri sér ekki betur en fundurinn hafi verið löglega boðaður og var því ekki mótmælt.

Fundargerð framhaldsaðalfundar frá 13. október 2012 lögð fram til umræðu og staðfestingar. Anna Stefánsdóttir formaður óskaði eftir leiðréttingu á fundargerð vegna stjórnarkjörs Rögnu Árnadóttur. Ragna var kjörin til 4 ára en ekki tveggja ára eins og stendur í fundargerðinni. Athugasemdin færð til bókar. Ekki bærust fleiri athugasemdir við fundargerðina og var hún staðfest þannig breytt.

Skýrsla stjórnar Rauða krossins á Íslandi fyrir síðasta starfsár lögð fram til umræðu. Áður en Anna formaður flutti skýrslu stjórnar þakkaði hún fyrrverandi framkvæmdastjóra Rauða krossins, Kristjáni Sturlusyni sem var viðstaddur á aðalfundinum góð störf og góða samvinnu. Formaður greindi frá því að Rauði krossinn hafi tekist á við mörg krefjandi verkefni frá aðalfundi árið 2012. Aðlaga hefur þurft starfið að sífelld minnkandi tekjum og að eflingu neyðarvarna. Stjórn félagsins hefur haldið 19 stjórnarfundum og 2 vinnufundi. Stjórn Rauða krossins ber ábyrgð á og hefur yfirstjórn á starfi og verkefnum félagsins á milli aðalfunda. Hún hefur það hlutverk að fara með sameiginlega hagsmuni alls félagsins, og gæta þess að félagið í heild starfi í samræmi við grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar og lög og stefnu félagsins. Í apríl 2013 gekk stjórnin frá ráðningu nýs framkvæmdastjóra og tók Hermann Ottósson við af Kristjáni Sturlusyni sem hafði verið framkvæmdastjóri í 8 ár. Eitt brynasta verkefni stjórnar hefur verið að mæta

sífelld minnkandi tekjum frá Íslandsspilum. Kassatekjur félagsins árið 2013 voru 600 milljónum kr. minni en árið 1998, færðar til verðlags ársins 2013. Félagið hefur mætt þessum samdrætti að hluta til með öðrum tekjum, en þær eru flestar merktar verkefnum og oftast en ekki kallar öflun þeirra og rekstur verkefna sem þeim fylgja á aukin umsvif. Mikil ábyrgð fylgir stöðu sem þessari og taldi stjórnin nauðsynlegt að forgangsraða og endurmeta allt starfið í félaginu. Stjórnin lagði til skipulagsbreytingar á félaginu á tímabilinu, sem tíminn mun leiða í ljós að eru nauðsynlegar. Þegar hafa margar deildir kosið að renna saman í öflugar samstarfsheildir. Deildum Rauða krossins fækkaði um sex á árinu 2013 vegna sameininga og eru nú 44. Rauði krossinn í Garðabæ og Rauði krossinn á Álftanesi riðu á vaðið um áramót 2012–13 og sameinuðust í eina deild sem heitir nú Rauði krossinn í Garðabæ. Vorið 2013 sameinuðust deildir á Norðurlandi þegar Rauði krossinn á Þórshöfn, Öxarfirði og Húsavík runnu saman í eina öfluga deild undir heitinu Rauði krossinn í Þingeyjarsýslu. Stuttu síðar fylgdu fjórar aðrar deildir í kjölfarið þegar Rauði krossinn á Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík og Akureyri sameinuðust í eina deild sem heitir nú Rauði krossinn við Eyjafjörð. Haldinn var aukaaðalfundur í október 2012 og í kjölfarið var tekist á um ákveðin stefnumál sem hafa á stundum reynst félaginu flókin úrvinnsluefni. Ekki síst eru skiptar skoðanir um skipulagsmál félagsins og hversu langt eigi að ganga í breytingum á félaginu vegna minnkandi tekna. Það liggur ljóst fyrir að að hagræðing verður að eiga sér stað í stoðþjónustu og landsverkefnum Rauða krossins og hefur stjórn stigið ákveðin skref í þá átt. Ákvarðanir stjórnar Rauða krossins um nauðsynlegar sparnaðar- og hagræðingaraðgerðir hafa valdið talsverðum skoðanaskiptum í félaginu. Einnig hefur komið upp ágreiningur um túlkun laga félagsins sem samþykkt voru árið 2012 ekki síst því sem snýr að valdskiptingu stjórnar landsfélagsins og deildastjórna. Alvarlegur skoðanaágreiningur getur skaðað félagið og stjórn áleit mikilvægt að koma í veg fyrir slíkt eftir því sem kostur var. Í ljósi þessa ákvað formaður að leita til Evrópuskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans um ráðgjöf. Formaður átti fund með fulltrúum skrifstofunnar á aðalfundi Alþjóðahreyfingarinnar í Sydney í nóvember á síðasta ári og sendinefnd frá Alþjóðasambandi Rauða krossins heimsótti landsskrifstofu og deildir á höfuðborgarsvæðinu í febrúar 2014 til að ræða við stjórnarmenn og starfsfólk um ágreiningsmál og benda á leiðir úrbóta. Eitt af því sem sendinefndin lagði til var að aðalfundur skipaði laganefnd til að leysa úr ágreiningsmálum ef upp koma um túlkun laganna og vinna að endurskoðun laganna fyrir aðalfund 2016. Tillaga þess efnis liggur fyrir aðalfundi nú. Talsverð hagræðing hefur átt sér stað innan landsskrifstofu bæði á árinu 2012 og 2013 og sést það ekki síst í fækkun starfsmanna. Einnig hefur skipulagi landsskrifstofu verið breytt í samræmi við stefnu félagsins til 2020. **Nýtt skipurit landsskrifstofu:** Aðgerðasvið eru nú þrjú: Neyðarvarnir, hjálpar- og mannúðarstarf og samskipti (öflugara Rauða kross starf). Stoðsvið eru: Deildarþjónusta, fjármál og Fatasöfnun. Vinna er hafin við einföldun verkefna, skýrari fókus og umbætur sem áætlað er að muni skila félaginu einhverri fjárhagslegri hagræðingu en fyrst og fremst betri þjónustu til handa almenningi, skjólstæðingum deildarstjórnnum og sjálfbóðaliðum félagsins. **Skyndihjálpar:** Afmælisnefnd fannst við hæfi að tileinka 90. afmælisári Rauða krossins skyndihjálpar. Haft var að leiðarljósi að gefa sem flestum landsmönnum þekkingu í skyndihjálpar sem afmælisgjöf frá félaginu og auka þannig líkur á að fólk hafi grunnþekkingu á því hvernig hægt er að bjarga mannlífi á neyðarstundu. Til að marka upphaf afmælisársins var afmæliserferð Rauða krossins hleypt af stokkunum á afmæli félagsins þann 10. desember við hátíðlega athöfn. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, opnaði af því tilefni nýja heimasíðu, skyndihjalp.is, þar sem mikilvægar upplýsingar um skyndihjálpar koma fram. **Klaufi og símaskrá, skyndihjálparmaðurinn:**

Nýtt skyndihjálparveggspjald var kynnt í lok árs og gefið út skyndihjálparlag. Skyndihjálparapp Rauða krossins fór í loftið í lok árs 2013. Þá er Símaskráin 2014 tileinkuð Rauða krossinum og skyndihjálpari. Skyndihjálparmaður ársins 2013 var kosin Bylgja Dögg Sigurðardóttir.

Skyndihjálparleiðbeinendur: Haldin voru ríflega 420 skyndihjálparnámskeið á árinu 2012 og var heildarfjöldi þátttakenda 6500 manns. Á árinu 2013 voru haldin 340 námskeið fyrir 6500 manns, þannig að um 13.000 manns hafa fengið skyndihjálparfræðslu hjá Rauða krossinum síðastliðin 2 ár. Endurmenntunarnámskeið fyrir leiðbeinendur fór fram í apríl 2013 og námskeið fyrir nýja leiðbeinendur í september þar sem 26 voru útskrifaðir með réttindi til skyndihjálparkenntslu. **Neyðarvarnir:** Þann 10. desember síðastliðinn opnaði Neyðarmiðstöð Rauða krossins á Íslandi í húsi Rauða krossins. Neyðarmiðstöðinni er ætlað að samhæfa betur neyðarviðbrögð félagsins á tímum áfalla. Þar eru sameinuð undir einum hatti verkefni Rauða krossins í neyðarvörnum, skyndihjálpari, áfallahjálpari og sálrænum stuðningi. Megináherslur Neyðarmiðstöðvar eru: Öflug samhæfing, vöktun á náttúruvá og öðrum ógnum, áfallahjálpari, símsvörun allan sólarhringinn, þjálfun viðbragðsliðs og samskiptabúnaður sem mætir nútímakröfum. **Samkomulag um samhæfingu áfallahjálpar:** Við opnun Neyðarmiðstöðvar var undirritað samkomulag sem felur Rauða krossinum samhæfingu áfallahjálpari í skipulagi almannavarna á Íslandi. Aðrir aðilar að samkomulaginu eru Landlæknir, Ríkislögreglustjóri, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landspítalinn og Biskupsstofa. Á árinu 2012 voru 24 neyðarútköll skráð og á árinu 2013 voru 22 neyðarútköll skráð. **Heimsóknavinir:** Um 550 heimsóknavinir í 34 deildum heimsækja um 900 manns um allt land. Þar á meðal eru um 35 sérþjálfaðir hundar og eigendur þeirra. Á síðustu tveimur árum hafa verið haldin yfir 20 heimsóknavinanámskeið víða um land. Þátttakendur voru 140. **Fatasöfnun:** Fatasöfnunin er nú helsta fjáröflunarverkefni Rauða krossins og jafnframt umfangsmikið umhverfisverkefni um endurnýtingu allrar vefnaðarvöru. Um 600 sjálfboðaliðar um allt land koma að söfnun, flokkun, sölu og framleiðslu barnapakka. Í dag rekur Rauði krossinn 12 fatabúðir og rúmlega 100 sjálfboðaliðar standa vaktina í verslununum. Tekjur félagsins af sölu á notuðum fatnaði voru um 88 milljónir árið 2012 og um 100 milljónir á síðasta ári. Rauði krossinn flutti út 1350 tonn í 96 gámum árið 2012, sem var 21% aukning á milli ára og 1612 tonn í 112 gámum árið 2013 sem er 19% aukning á milli árána 2012 og 2013. Vegna aukinna umsvifa var ákveðið að stækka húsnæði Fatasöfnun að Skútuvogi 1 um helming. **Föt sem framlag:** Sjálfboðaliðar í verkefninu *Föt sem framlag* sjá um að framleiða ungbarnapakka sem sendir eru í hjálparstarf til Hvíta-Rússlandi. Alls fóru þrjú gámar til systurfélagsins árið 2012, 7753 ungbarnapakkar og 3420 pakkar fyrir eldri börn. Útbúnir voru 9108 pakkar árið 2013 sem komu frá 25 deildum og voru unnir af um 460 sjálfboðaliðum. Pakkað var í tvo gáma sem sendir voru til Rauða krossins í Hvíta-Rússlandi. **Hjálparsíminn:** Innhringingum í Hjálparsíma Rauða krossins 1717 hefur fækkað umtalsvert á undanförunum tveimur árum. Árið 2013 bárust 14.378 símtöl til Hjálparsímans sem svarar tæplega 40 símtölum að meðaltali á dag, til samanburðar við árið 2012 þegar 21.000 símtöl bárust sem svarar að meðaltali um 60 símtölum á dag. Sjálfboðaliðar Hjálparsímans eru 91 og er einnig símsvörun fyrir norðan sem Eyjafjarðardeild heldur utan um í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Nú hefur Landspítali ákveðið að endurnýja ekki samninginn um Hjálparsímamann vegna aukinna umsvifa geðsviðs sem hraðar enn frekar mikilvægi endurskoðunar á þjónustunni. Stjórn ákvað að Hjálparsíminn 1717 verði færður til landskrifstofu og endurskipulagður frá grunni miðað við nýtt og breytt hlutverk, enda er hér um landsverkefni að ræða. Ákvörðun liggur einnig fyrir um að sameiginleg símsvörun verði fyrir allt félagið. **Frú Ragnheiður og Konukot:** Heildarkomur í Frú Ragnheiði

voru um 1300 árið 2013. Sprautu- og nálaskipti voru 1.184 eða 86% ástæðna heimsóknanna. Alls hafa 314 einstaklingar leitað til verkefnisins frá upphafi og eru karlar 65% og konur 35%. Alls gistu 74 konur í Konukoti árið 2013 og af þeim voru 24 að koma í fyrsta sinn. Meðalaldur gesta er 42 ár, yngst var 19 ára og elst 67 ára. **Fjölskyldumiðstöð:** Á árinu 2013 komu 1.689 í viðtal, fjöldi fjölskyldna var 410. Fólk af 23 þjóðlöndum auk Íslendinga nutu þjónustu Fjölskyldumiðstöðvar á árinu 2013. **URKÍ:** Ungmennaráðið stóð fyrir þátttöku ungra sjálfboðaliða í gleðigöngu Hinsegin daga í ágúst. Norrænn fundur Ungmennaráðs landsfélaga var haldinn hér á landi í febrúar. **Sjúkrabílar:** Samningur við ríkið um rekstur sjúkrabíla var undirritaður í lok árs 2012 eftir langar samningaviðræður. Í upphafi árs 2013 bauð Ríkiskaup út fyrir hönd Rauða krossins sjö nýjar sjúkrabílfreiðar af minni gerð. Rauði krossinn nýtti sér einnig heimild til að semja um smíði á fjórum bifreiðum til viðbótar samkvæmt samningi við ríkið sem gildir til ársloka 2015. Þær eiga að afhendast síðar á þessu ári. Samtals eru þetta ellefu bifreiðar og kaupverðið alls 161 milljón kr. Í lok árs 2013 bauð svo Ríkiskaup út fyrir hönd Rauða krossins þrettán nýja sjúkrabíla. Óskað var eftir tilboðum í smíði á 13 sjúkrabílum, 6 litlum og 7 stórum. Bifreiðarnar eiga að afhendast tilbúnar til notkunar í lok árs 2014. Ennfremur hefur Rauði krossinn heimild til að semja um smíði á þremur litlum og fjórum stórum bifreiðum til viðbótar á samningstímanum. Þá yrðu þær samtals 20, ef sú heimild yrði nýtt. **Borgarastyrjöldin í Sýrlandi:** Rauði krossinn á Íslandi varði um 68 milljónum króna til hjálparstarfs í Sýrlandi og vegna flóttamanna þaðan á liðnu ári. Rauði krossinn hefur notið til þess styrkja frá Utanríkisráðuneyti og Fatímu-sjóði en leitaði einnig stuðnings almennings vegna vaxandi neyðar á svæðinu. Sjálfboðaliðar og starfsfólk skipulagði samstöðu á Lækjartorgi fyrstu vikuna í september undir yfirskriftinni „Mér er ekki sama“. Einnig var skipulögð Facebook-herferð undir sama slagorði þar sem fólk var beðið um að ljá málstaðnum lið með því að birta á síðum sínum skilaboð um ástandið í Sýrlandi og hugrenningar frá eigin brjosti. Í lok ágúst hóf Rauði krossinn söfnunaráttak fyrir sýrlenska flóttamenn sem lauk með baukasöfnun sjálfboðaliða fyrstu helgina í október. **Færanleg sjúkrastöð í Líbanon:** Lokahnykkur söfnunarinnar var studdur með fjölmiðlaherferð þar sem birtust myndir og fréttir af hjálparstarfi Rauða krossins á Íslandi við sýrlenska flóttamenn í Líbanon. Þar starfrækir Rauði krossinn á Íslandi þrjár færanlegar sjúkrastöðvar í samstarfi við Rauða krossinn í Noregi og Líbanon. Einn sendifulltrúi Rauða krossins á Íslandi hefur starfað að þessu verkefni frá því í mars. **Filippseyjar:** Versti fellibylur sem skjalfærður hefur verið gekk á land á Filippseyjum þann 8. nóvember 2013. Rauði krossinn á Íslandi studdi hjálparaðgerðir og lagði bæði til fé og mannskap. Alls söfnuðust um 55 milljónir króna frá stjórnvöldum, fyrirtækjum, almenningi og deildum félagsins. Fyrirtæki lögðu fram um 24 milljónir, þar af komu 22 milljónir króna frá CCP sem framlag spilara tölvuleiksins Eve Online. Auk fjárframlaga voru sjö sendifulltrúar sendir til hjálparstarfa á Filippseyjum. **Malaví:** Rauði krossinn á Íslandi hefur stutt systurfélag sitt í Malaví um langt árabíl. Vinadeildasamstarf hefur verið við nokkrar deildir. Sendifulltrúar Rauða krossins hafa verið í landinu undanfarin ár og veitt stuðning og ráðgjöf um heilbrigðismál, matvæladreifingu og verkefnisstjórnun. Á árinu 2012 urðu þáttaskil þegar alnæmisverkefnum lauk og við tók nýtt þriggja ára verkefni í Mangotchi-héraði suður af Malaví-vatni. Einn sendifulltrúi vann við að setja verkefnið á laggirnar. Meginmarkmið verkefnisins í Mangotchi er að bæta til frambúðar heilbrigðisástand 9.000 fjölskyldna fyrir árslok 2015. Heildarkostnaður er áætlaður um 115 milljónir króna. 70% fjármunanna koma frá stjórnvöldum í gegnum Þróunarsamvinnustofnun Íslands, 30% er eigið framlag Rauða krossins á Íslandi. Þá styrkir Vífelfell verkefnið um 7,5 milljónir króna. **Athvarf í Hvíta Rússlandi:** Þann 10. október, á alþjóðadegi geðheilbrigðis, opnaði

Rauði krossinn í Hvíta-Rússlandi athvarf fyrir fólk með geðraskanir. Starfsemi þess er byggð að fyrirmynd Vinjar og annarra athvarfa Rauða krossins hér á landi. Verkefnið nýtur stuðnings Rauða krossins á Íslandi og Utanríkisráðuneytis samkvæmt þriggja ára samningi sem undirritaður var á síðasta ári. Áætlað er að kostnaður nemi um 20 milljónum króna á ári. Af þeirri upphæð koma 14 milljónir frá utanríkisráðuneytinu en 6 milljónir frá Rauða krossinum á Íslandi. **Tombólubörnin:** Á árunum 2012–2013 söfnuðu um 1200 börn um 1,5 milljón króna sem notað var til hjálpar jafnöldrum þeirra sem lifa við neyð, annars vegar í Gambíu og hins vegar í Malaví. Í báðum tilfellum voru það skólabörn á starfssvæði Rauða krossins á Íslandi sem nutu góðs af. **Sendifulltrúar:** Á árinu 2012 störfuðu 15 sendifulltrúar við fjölbreytt verkefni um allan heim. Flest voru á heilbrigðissviði, en einnig á sviði fjármála, sálræns stuðnings, uppbyggingar og þróun landsfélaga og upplýsinga- og kynningarmála. Á árinu 2013 fóru 16 sendifulltrúar til starfa á erlendum vettvangi. Þar af unnu sjö við neyðaraðgerðir á Filippseyjum en önnur verkefni voru á sviði fjármála og stjórnunar, uppbyggingu landsfélaga, sálræns stuðnings og upplýsingatækni. Verkefni voru í Afríku, Asíu og Evrópu. **Kristjón Þorkelsson**, einn reyndasti sendifulltrúi Rauða krossins á Íslandi, varð bráðkvaddur í Síerra Leóne í janúar 2013 þar sem hann vann að neyðaraðgerðum vegna kólerufaraldurs. **Að lokum flutti Anna Stefánsdóttir kveðjuræðu til fundarfulltrúa.** Hún hefur starfað sem formaður í sex ár og setið í stjórn í sex ár, þar af tvö sem varaformaður. Hún þakkaði sjálfboðaliðum og starfsmönnum Rauða krossins fyrir framlag þeirra til Rauða krossins á Íslandi og fyrir þeirra mikilvægu störf í þágu almennings í landinu. Það er ljóst að síst er minni þörf fyrir hjálpar- og mannúðarstarf nú en áður.

Boðið var upp á umræður um skýrslu stjórnar. Engar umræður bárust og skýrslan samþykkt.

Einar Sigurðsson gjaldkeri lagði endurskoðaða reikninga tveggja síðustu reikningsára til umræðu og atkvæðagreiðslu. Einar sagði kassatekjur enn vera að lækka og hafa aðrir tekjustofnar ekki bætt það upp. Veltan er meiri en einn og hálfur milljarður og þarf að sýna ábyrgð í meðferð fjármuna. 135 milljóna króna hagnaður var árið 2013 og 78 milljónir 2012. Jákvæð afkoma er vegna umframtekna af sjúkrabilum þar sem verkefnum hefur verið frestað en koma til framkvæmda á þessu ári. Efnahagur er að stækka um 209 milljónir. Stærsta breytingin er vegna kaupa á rekstri fasteigna en það er umhugsunarvert hvað félagið á að hafa mikinn fasteignarekstur í starfinu. Einar bar það upp til umhugsunar. Tekjuskipting 2013; söfnunarkassar um 25%, sölustarfsemi 18% en þar er kostnaður samfara. Nettótekjur fatasöfnunar er 100 milljónir. Bundið eigið fé er 61%, aðallega í fasteignum eða skuldbindingum fram í tímann. Launakostnaður landsskrifstofu hefur lækkað um 100 milljónir og launakostnaður deilda lækkar jafnt og þétt, þannig að við erum á réttri leið. 325 milljónir hafa sparast á landsskrifstofu árin 2009 til 2013 á verðlagi ársins 2013. Áfram verður samdráttur í kassatekjum, þó nú sé smá hlé, en rauntekjur halda ekki í við verðbólgu. Þurfum að fara vel með og gera sem mest úr því sem við höfum fyrir skjólstæðingana. Hann þakkaði fyrir það traust sem honum var sýnt og þakkaði fyrir samstarfið.

Eftir að gjaldkeri hafði lagt fram og útskýrt reikninga opnaði fundarstjóri fyrir umræður og fyrirspurnir. Engin umræða fór fram um reikningana. Fundarstjóri bar upp reikninga í sitthvorum lagi, 2012 og 2013 og voru þeir báðir samþykktir.

- **Tillögur stjórnar um markmið, áætlanir og forgangsröðun verkefna Rauða krossins á Íslandi**

- **Verkefna- og fjárhagsáætlun næsta reikningsárs lögð fram til umræðu**

Fundarstjóri óskaði eftir að umræður færu fram eftir að þessum tveim liðum hefði verið fylgt úr hlaði og var það samþykkt.

Anna Stefánsdóttir lagði fram tillögu stjórnar um markmið, áætlanir og forgangsröðun verkefna Rauða krossins á Íslandi.

Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans samþykkti stefnu fyrir hreyfinguna árið 2010 sem gildir til ársins 2020. Rauði krossinn á Íslandi tók stefnuna og aðlagði hana að íslenskum aðstæðum. Unnin var umfangsmikil greining með aðkomu fjölda sjálfbóðaliða og fór þessi stefnumótun fram um allt land. Mikil ánægja var með þetta verkefni og var ný stefna samþykkt á aðalfundi 2010. Jafnframt samþykkti aðalfundur að endurskoðun á stefnunni fari fram á árinu 2015 og verði hún lögð fyrir aðalfund 2016. Er það verkefni á forræði nýs formanns og stjórnar félagsins. Verkefni Rauða krossins, landsskrifstofu og deilda er að standa vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinna að verkefnum sem snúa að félagslegu öryggi og neyðarvörnum vegna áfalla og hamfara. Til þess að geta sinnt þessu hlutverki þarf Rauði krossinn að vera öflugur og vel starfandi. Það er hlutverk aðalfundar að fjalla um markmið og forgangsröð verkefna Rauða krossins. Markmið eftirfarandi tilagna er að vinna með þann skýra fókus sem stefnan 2020 hefur. Óhjákvæmilega færast markmið og áætlanir aftur til róta Rauða kross starfsins með vaxandi áherslu á að laða sjálfbóðaliða að félaginu, hafa skýrar áherslur í verkefnum og forgangsröðun þeirra. Starfið tekur fyrst og fremst mið af lögbundnu hlutverki félagsins.

Lagt er til að aðalfundur samþykki að áhersluverkefni Rauða krossins til ársins 2016 verði eftirfarandi:

- **Öflug sjálfbóðaliðaverkefni í nærsamfélaginu** sem draga úr félagslegri einangrun og þarfagreining hefur sýnt fram á að þörf er fyrir. Könnunin „*Hvar þrengir að?*“ gefur vísbendingar um þróun samfélagsins og hvar þörf er á kröftum Rauða krossins.
- **Neyðarvarnir.** Áfram verði haldið af krafti að hlúa að neyðarvarnahlutverki félagsins á landsvísu, með sterkri samræmdri Neyðarmiðstöð og styrkingu neyðarvarna, þjálfun og fræðslu til deilda um allt land. Unnið verði sérstaklega að landshlutasamstarfi deilda. Félagið hefur nú fengið aukið hlutverk í áfallahjálpi á landsvísu og því mikilvægt að halda áfram að byggja það verkefni upp samfara neyðarvörnum. Viðbragðsteymi sjálfbóðaliða hjá deildum félagsins leika þar lykilhlutverk. Áfram verður unnið að verkefnum afmælisárs þar sem skyndihjálpi er áhersluverkefni og öflugur starfi haldið uppi á þeim vettvangi á næstu árum. Stefnt er að því að Rauði krossinn á Íslandi verði árið 2018 í fremstu röð landsfélaga í heiminum hvað neyðarvarnir varðar.
- **Málsvarastarf.** Rauði krossinn mun leggja sérstaka áherslu á málsvarastarf gegn fordómum, í þágu flóttamanna og hælisleitenda, í þágu þeirra sem höllum fæti standa í samfélaginu á hverjum tíma og hafa fáa eða enga málsvara, varðandi Genfarsamningana og vegna sérstakra átaksverkefna tengdu framansögðu.
- **Öflugt og vel starfandi Rauða kross félag.** Í stefnu félagsins segir að sjálfbóðaliðar sinni megin verkefnum félagsins. Til að félagið geti náð þessu markmiði sínu þarf félagið að vera sýnilegt og vel kynnt. Mörkun félagsins í samfélaginu þarf að vera ótvíræð. Verkefni þess þurfa að vera þannig uppbyggð og formuð að eftirsóknarvert sé að ganga til liðs við félagið. Öll starfsemi félagsins þarf að vera opin, þjónustumiðuð og

gegnsæ og meðferð fjármuna eins og best verður á kosið. Samkvæmt lögum félagsins hefur nú verið unnin samræmd starfsmanna og launastefna og verður unnið eftir henni á næstu tveimur árum.

- **Alþjóðlegt hjálpar- og mannúðarstarf.** Félagið mun leggja áherslu á að vera tilbúið að leggja sitt af mörkum til aðkallandi neyðaraðstoðar í kjölfar hörmunga, hamfara og áfalla. Þá vinnur Rauði krossinn með stjórnvöldum að uppbyggingu verkefna á völdum svæðum í samstarfi við viðkomandi landsfélög og önnur systurfélög, t.d. á Norðurlöndunum. Fókus verður settur á að skoða aukna samvinnu um neyðarvarnir og uppbyggingu sérþekkingar á því sviði erlendis.

Hermann Ottóson: Framkvæmda- og fjárhagsáætlun næsta reikningsárs. Hermann nefndi leiðarljós Rauða krossins *Kompás*. Skipurit í takt við leiðarljósið, þrjú aðgerðarvið; neyðarvarnir, hjálpar- og mannúðarstarf og samskipti. Til hliðar eru stoðsvið; Fatasöfnun, fjármál, deildajónusta og sjúkrabílar. Neyðarvarnir: Fylgja eftir samkomulagi um hjálparlið almannavarna. Verið er að vinna nýja neyðarvarnaáætlun fyrir Rauða krossinn sem felur í sér metnaðarfull námskeið, vöktun og upplýsingamiðlun, þjálfun og æfingar, neyðarvarnarlög sem þarf að breyta því ef það verða gríðarlegar hamfarir eru hömlur í lögum. Nýtt skipulag áfallahjálpar: Samráðshópur, áfallateymi, leiðbeinendur, útgáfa námsefnis og þekkingarsetur um áfallahjálpar samvinnu við þá aðila sem vinna með okkur. Hjálparsíma Rauða krossins 1717 þarf að setja inn í nýtt form og í haust verður unnið með nýjum samningsaðilum. Skyndihjálparappið hefur slegið í gegn, verið er að fara í gerð stuttmynda, ætlum að heimsækja alla skóla á landinu og kynna skyndihjálpar. Varðandi alþjóðaverkefni erum við að vinna í langtímaverkefnum í Síerra Leóne, Malaví, Palestínu, Sírlandi og Líbanon. Innanlands verður farið með verkefnasmíðju, skýrslan *Hvar þrengir að?* Krufin niður í nærsamfélaginu. Rauði krossinn þarf að hafa alvöru málsvarastarf án þess að þurfa að sækja fjármuni til þess. Öflugt og vel starfandi félag snýst um samskipti. Rauði krossinn lætur vita af þeim verkefnum sem við erum að vinna, ímyndin er það dýrmætasta sem við eigum. Í kringum samfélagsmiðlana skiptir máli að Rauði krossinn sé í fremstu röð, þurfum að ná til unga fólksins. Fjáraflanir: Þurfum að auka fyrirtækjamstarf og nota fyrirmyndir utanlands. Setja fókus á fatasöfnun og selja föt sem grjóthörð viðskipti. Göngum til góðs í haust: Útfærsla ekki alveg klár en þetta verða deildaverkefni. Þær fá 35% af því safnað verður og nota til sinna verkefna. Fjöldahjálparstöðvar verða opnaðar 19. október þegar við förum fram með *Eldað fyrir Ísland*. Deildajónusta: Eflum hana og einföldum ferla, reynum að láta deildir nota tímann frekar fyrir verkefni heldur en að skila skýrslum. Fjárhagsáætlun 2014: Mikið fer til sjúkrabíla og verður minni tekjuafgangur en áður. Verið er að áætla á hvert svið og hvert verkefni og því fylgjumst við með í innra eftirliti hvernig útgjöld hafa breyst.

Fyrirspurnir.

Jón Þorsteinn Sigurðsson frá Rauða krossinum í Reykjavík þakkaði fyrir góða framsetningu á markmiðunum og áætluninni. Talaði um Hjálparsímann 1717 sem deildin hefur rekið í 10 ár. Verkefnisstjóri 1717 átti í samræðum við Landsspítalann sem óskaði eftir ákveðnum breytingum og óskaði eftir góðu samstarfi við breytingar á verkefninu. Hann vakti athygli á að nýlega tóku þau upp nýtt skráningakerfi og tók Hjálparsíminn nýlega á móti samfélagsverðlaunum Dagblaðsins.

Ákvörðun árgjalds. Einar Sigurðsson gerði grein fyrir ákvörðun um árgjald. Stjórnin lagði til að árgjaldið verði 2.600 krónur fyrir árið 2015 og 2.800 krónur fyrir árið 2016. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Kristján Sturluson Mosfellsbæjardeild gerði athugasemd við að áhersluverkefni í næsta lið á undan færu ekki í atkvæðagreiðslu. Það hefðu verið greidd atkvæði um þau á síðasta fundi. **Jón Þorsteinn** Reykjavíkurbæjardeild tók undir tillögu Kristjáns. **Valgerður Fjölfnisdóttir** Hafnarfjarðardeild kom með breytingartillögu undir þessum lið. Lagt er til að viðbót verði gerð við samþykkt stjórnar um markmið áætlana og forgangsriðun verkefna Rauða krossins á Íslandi næstu tvö árin. Undir liðnum „Öflugt og vel starfandi Rauða kross félag“ verði bætt við eftir fyrstu tvær setningarnar, „*Jafnframt á félagið að endurspeglar samfélagið með áherslu á fólk af erlendum uppruna og ungt fólk.*“ Tillaga Valgerðar samþykkt samhljóða.

Síðan var tillaga Kristjáns um að bera tillögu um áhersluverkefni undir atkvæðagreiðslu borin upp og var tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um árgjald var samþykkt samhljóða.

Lögð fram tillaga frá stjórn um breytingar á 13. gr. laga. Fundarstjóri óskaði eftir að fá að taka fyrir tillögu varðandi 13. Gr. á undan 12. gr. því breytingar á 13. gr. gætu hugsanlega haft áhrif á 12. gr. og samþykkti fundurinn það.

Tillaga frá stjórn um skiptingu tekna Íslandsspila. Stefán Yngvason fylgdi tillögunni úr hlaði:

Hlutfallsleg skipting tekna til deilda frá Íslandsspilum: Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi, haldinn í Reykjavík 17. maí 2014, samþykkir að 37% hlutur deilda af tekjum Rauða krossins frá Íslandsspilum skiptist með eftirfarandi hætti árin 2015 og 2016: Grunnframlag til deilda verði 4%, vægi íbúafjölda á starfssvæði deilda 20%, Verkefnasjóður 13%.

Greinargerð um Verkefnasjóð fylgdi fundargögnum.

Fundarstjóri leitaði afbrigða um að taka 13. gr. á dagskrá þar sem gerðar voru breytingar á tillögunni 4 dögum fyrir aðalfund. Fundurinn samþykkti það.

Kristján Sturluson gerði athugasemd varðandi ósk fundarstjóra um að fá að taka á dagskrá tillögu að breytingu á 13. gr. á undan 12. gr. þar sem 13. gr. gæti haft áhrif á 12. gr. Kristján Sturluson sagðist telja að það skipti engu máli. **Jón Þorsteinn** spurði hvort breytingar á lögum hefðu verið sendar til Alþjóðasambandsins og hvort það væri heimild í lögum að víkja frá tímamörkun varðandi afbrigðin og hvort þyrfti að greiða atkvæði um afbrigðin. Anna Stefánsdóttir sagði svo vera en svarið barst eftir að fundargögn höfðu verið send út. Í svarinu var kveðið á um að það væri skýrt hvert væri hlutverk aðalfundar og hvert væri hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra á milli aðalfunda. **Jón Þorsteinn** spurði aftur um afbrigðin, hvort það væri heimild í lögum til að leita afbrigða. Kristján sagði það skýrt í lögum og það hefði oft verið leitað afbrigða. Fundarstjóri úrskurðaði síðan að það væri ekki verið að brjóta lög né fundarsköp þar sem fundurinn hefði samþykkt leitun eftir afbrigðum. **Vera Sveinbjörnsdóttir** Reykjavíkurbæjardeild spurði hvort það væri hægt að varpa því upp hvaða áhrif breytingar hefðu á einstakar deildir. Stefán Yngvason svaraði því að tillagan hefði verið send til allra deilda. **Jón Þorsteinn** sagði að tillögurnar hefðu verið sendar til deilda en ekki aðalfundafulltrúa. Hann sagði að áhrif 13. greinarinnar hefði í för með sér óvissu um fjármögnun verkefna Reykjavíkurbæjardeildar. Stefán sagði að fastar tekjur allra deilda minnkuðu en góð verkefni fengu

tekjur. **David Lynch**, formaður í Kópavogi, benti á að blað eða exel-skjal yfir tekjuskiptingu deila hefði verið sent til starfsmanna með frekari sundurliðun á þessu en ekki til stjórnarmanna, svipað blað og er í fundargögnum og spurði hvort blaðið ætti að nota. Hermann sagði að það sem væri í fundargögnum væri tekjuskipting miðað við núverandi skiptingu tekna. Hermann útskýrði svo nánar gögnin sem voru send út varðandi tekjuskiptinguna. **Jón Þorsteinn** sagði að vissulega hefði þetta verið sent í febrúar til deilda og þær beðnar um að senda athugasemdir fyrir 4. eða 5. mars en ekki fengið sent annað eftir það.

Atkvæðagreiðsla: Tillaga vegna 1. mgr. 12. gr. samþykkt samhljóða. **Tillaga vegna 2. mgr. 12. gr.** samþykkt með þorra atkvæða og 6 voru á móti.

Stefán Yngvason fylgdi úr hlaði tillögu til lagabreytinga á kaflanum um Verkefnasjóð skv. 13. gr. laga. Í ljósi umræðu á fundinum endurtók fundarstjóri ósk um að leitað yrði afbrigða með 13. gr. þar sem henni var breytt fjórum dögum fyrir aðalfund. Stefán Yngvason benti síðan á að nú væri verið að fjalla um lagabreytingu 13. gr. laga en það væri líka reglur um Verkefnasjóð sem væru ýtarlegri og þær eru ekki bornar undir atkvæði. Aðalfundur samþykkir bara lögina um Verkefnasjóð en reglurnar eru teknar fyrir og samþykktar af stjórninni. Hann fjallaði síðan um lögina um Verkefnasjóð sem eru svohljóðandi:

Tillaga frá stjórn um verkefnasjóð

Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi, haldinn í Reykjavík 17. maí 2014, samþykkir að breyta 13. gr. laga um Verkefnasjóð.

13. gr. Verkefnasjóður

1) Meginhlutverk Verkefnasjóðs er að veita styrki til verkefna deilda og deildarráða, sem samræmast gildandi stefnu Rauða krossins.

2) Tekjur Verkefnasjóðs eru: a. Hlutfall af tekjum af Íslandsspilum skv. ákvörðun aðalfundar sbr. 1. mgr. 12. gr. b. Tekjur sem að ella hefðu runnið til deilda sbr. 6. mgr. 12. gr. c. Áætluð framlög til reksturs sjúkrabíla, hætti félagið afskiptum af rekstri þeirra.

3) Úthluta skal styrkjum úr Verkefnasjóði einu sinni á ári í september til deilda og deildarráða. Skulu umsóknir berast landsskrifstofu fyrir 20. ágúst ár hvert. Greiðslur samkvæmt úthlutun verða inntar af hendi á því starfsári sem úthlutað er fyrir. Ef umsóknir í Verkefnasjóð verða með þeim hætti að um tekjuafgang sjóðsins er að ræða að lokinni úthlutun í september, gefst deildum tækifæri á að senda inn umsókn og skal henni skilað til landsskrifstofu fyrir 15. nóvember. Úthlutun er háð rauntekjum Verkefnasjóðs og skal framlag sem úthlutað hefur verið til verkefnis leiðrétt til samræmis við þær. Frávik frá áætlun leiðréttist við úthlutun á næsta ári. Ekki er hægt að skuldbinda Verkefnasjóð til lengri tíma en þriggja ára í senn.

4) Við úthlutun skal taka mið af a. fjárförf verkefnis b. fjárhags- og framkvæmdaáætlun umsækjanda

5) Stjórn Verkefnasjóðs sér um eftirfylgni og eftirlit með þeim verkefnum sem hljóta úthlutun úr sjóðnum. Deildir og deildarráð skulu skila inn áfangaskýrslum til landsskrifstofu fyrir 15. mars um verkefnið sem úthlutað var til á nýliðnu ári. Stjórn getur afturkallað veittan styrk að hluta eða öllu leyti ef forsendur breytast verulega eða sett markmið nást ekki.

6) Stjórn Rauða krossins á Íslandi skipar fulltrúa í stjórn Verkefnasjóðs og setur nánari reglur um hlutverk Verkefnasjóðs og úthlutun úr honum.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Arnar Benjamín, varaformaður Rauða krossins í Mosfellsbæ, bar upp svohljóðandi breytingartillögu:

Breytingartillaga við lagabreytingartillögu, frá Rauða krossinum í Mosfellsbæ.

Þriðji töluliður 13. gr. laga Rauða krossins á Íslandi verði eftirfarandi:

3) Úthluta skal styrkjum úr Verkefnasjóði einu sinni á ári í september til deilda og deildarráða. Skulu umsóknir berast landsskrifstofu fyrir 20. ágúst ár hvert. Greiðslur samkvæmt úthlutun verða inntar af hendi á því starfsári sem úthlutað er fyrir. Hver deild getur ekki fengið meira en sem nemur fjórðungi (25%) af heildarfjárhæð sjóðsins. Ef umsóknir í Verkefnasjóð eru með þeim hætti að tekjuafgangur er af sjóðnum að lokinni úthlutun í september, gefst deildum tækifæri á að senda inn umsóknir og skulu þær berast til landsskrifstofu fyrir 15. nóvember. Við úthlutun á tekjuafgangi er ekki hámark á hversu stórt hlutfall af sjóðnum getur farið til einnar deildar. Úthlutun er háð rauntekjum Verkefnasjóðs og skal framlag sem úthlutað hefur verið til verkefnis leiðrétt til samræmis við þær. Frávik frá áætlun leiðréttist við úthlutun á næsta ári. Ekki er hægt að skuldbinda Verkefnasjóð til lengri tíma en þriggja ára í senn.

Greinargerð:

Í hvorki lagabreytingartillögu né drögum að reglum um Verkefnasjóð er gert ráð fyrir að hámark sé á því hversu mikið ein stök deild getur fengið úr Verkefnasjóði né er tekið tillit til fjárhagsstöðu deilda. Það, ásamt því að umsóknarfrestur er færður fram og að úthlutanir úr Verkefnasjóði verða ekki eingöngu til áhersluverkefna, veldur því að staða stærri deilda sem hafa yfir starfsmönnum að ráða er sterkari og getur það valdið óeðlilegri misskiptingu við úthlutunina. Því er lagt til að eins og verið hefur sé hámark á því hversu stóran hluta hver deild getur fengið úthlutað úr sjóðnum. Í núgildandi reglum um Verkefnasjóð eru mörkin fimmtungur en lagt er til að þau verði hækkuð í fjórðung. Lagt er til að tilgreint hámark gildi aðeins um fyrstu úthlutunina og að deildir eigi kost á stærri hlut þegar tekjuafgangi er úthlutað því að þá hafa minni deildir haft tækifæri til að koma sínum verkefnum að.

Jón Þorsteinn ítrekaði að tillaga um Verkefnasjóðinn hefði þau áhrif á starf Reykjavíkurseildar að tekjur minnkuðu og verkefnin einnig og sagðist velta fyrir sér skipun í stjórn Verkefnissjóðs. **Ívar Kristinsson** gjaldkeri í Kópavogi talaði um 5. lið tillögunnar þar sem talað er um hvort markmið nást þar sem stjórn getur afturkallað styrk ef forsendur breytast verulega og markmið náist ekki. Breytingartillagan hljóðar þannig að taka skal út orðin „ef markmið nást ekki“. **Jón Þorsteinn** tók undir og sagði að þetta raskaði jafnvægi deildarinnar í Reykjavík og jafnframt að skipan í stjórn Verkefnissjóðs þurfi að endurspegla fulltrúa á aðalfundi og deildir landsins. Tillaga frá Rauða krossinum í Mosfellsbæ er eins og kjaftshögg. **Anna Stefánsdóttir** sagði að þegar skipað er í svona mikilvægar stjórnir sem skipta félagið í heild sinni svo miklu máli þá verði félagar að geta treyst því að fulltrúar séu þar frá stórum og litlum deildum og tekið sé tillit til sjónarmiða allra deilda og að stjórnin gangi ekki í berhögg við þá uppbyggingu sem félagið stendur að. **Hilmar Bergmann** gjaldkeri í Mosfellsbæ sagðist ekki vera sammála formanni Reykjavíkurseildar. Tillagan ætti einmitt að gæta jafnræðis og að minni deildir verði ekki útundan. **Jón Þorsterinn** sagðist ekki sammála og sagðist koma með frávisunartillögu við tillögu Mosfellinga.

Atkvæðagreiðsla

Tillaga Kópavogsdeildar var samþykkt samhljóða. Frávísunartillaga Rauða krossins í Reykjavík var úrskurðuð felld með 53 atkvæðum þar sem 94 fulltrúar eru skráðir á fundinum. Breytingartillaga Mosfellinga var samþykkt með 56 gegn 31 atkvæði. Fundarstjóri bar síðan upp tillögu stjórnar um breytingar á 13. gr. í heild sinni með áorðnum breytingum. Óskaði þá **Agnar Bragi Bragason** varaformaður Rauða krossins í Reykjavík eftir skriflegri atkvæðagreiðslu um tillögu stjórnar um breytingar á 13. gr. í heild sinni með áorðnum breytingum og varð fundarstjóri við þeirri beiðni.

Matarhlé var gert á fundinum kl. 13.19.

Atkvæðagreiðslan um 13. gr. í heild sinni með áorðnum breytingum fór þannig: Já sögðu 67 nei sögðu 28 og 7 seðlar voru auðir. Einhverjir fulltrúar með atkvæðisrétt bættust við á fundinn eftir að hann hófst. Spurning kom úr sal hvort mögulegt væri að fá hlutfall þeirra sem sögðu já og nei. Fjármálastjóri var fenginn til reikna út hlutföllin og sagði fundarstjóri þau vera 70,5% með og 29,5% á móti.

Dagskrártillaga barst undirrituð af átta fulltrúum svo hljóðandi: Við undirritaðar leggjum fram tillögu um að málstofum verði frestað um óákveðinn tíma þar sem öll dagskrá aðalfundar hefur riðlast vegna umræðna um lagabreytingar. Undir tillöguna rituðu þær Sigríður Sigurðardóttir, Jensína Lýðsdóttir, Sigrún Línadal, Sæunn V. Sigvaldadóttir, Elísa Ýr Sverrisdóttir, Anna Kr. Davíðsdóttir, Edda Graichen og Guðný Zoega. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga frá Rauða krossinum í Hafnarfirði barst um breytingu á 12. gr. laga til samræmis við og ef breytingar á 13. gr. verði samþykktar. **Ingibjörg Ásgersdóttir** formaður Rauða krossins í Hafnarfirði lagði til eftirfarandi: Inn komi setningin á eftir reka sig með halla „*eigi hún ekki handbært fé til að mæta þeim ráðstöfun... og á eftir kemur „nema fjárhagsáætlun um slíkt hafi hlotið...* Tillagan var samþykkt samhljóða.

Innsendar tillögur

Tillaga um fjármögnun neyðarvarna. Flutningsmaður **Halldór Valdimarsson**. Tillagan er dagsett 11. apríl 2014 og hljóðar svo: *Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi, haldinn 17. maí 2014, samþykkir að 13% (þrettán prósentum) af nettótekjum Fatasöfnunar Rauða krossins verði varið til verkefna Neyðarmiðstöðvar Rauða krossins. Ráðstöfuninni verður ekki breytt nema með ákvörðun aðalfundar og hún kemur til framkvæmda á fjárhagsárinu 2015.* Framlaginu verður varið til verkefna Neyðarmiðstöðvar Rauða krossins; til fræðslu og þjálfunar, til miðlunar þekkingar til neyðarvarnafólks um allt land, samræmingarstarfs, auk samningsbundinna verkefna Rauða krossins við opinbera aðila og annarra verkefna á sviði neyðarvarna eftir nánari ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Rökstuðningur:

Neyðarvarnir eru bæði lögbundið og samningsbundið hlutverk Rauða krossins á Íslandi. Í stefnu félagsins til ársins 2020 er verkþátturinn jafnframt tiltekinn sem eitt af þremur kjarnasviðum félagsins. Hyggja þarf að uppbyggingu fræðslu, þjálfunar og miðlunar þekkingar til neyðarvarnafólks um allt land auk þess að rækja aðrar samningsbundnar skyldur félagsins t.d. við almannavarnarástand. Félagið þarf í auknum mæli að bregðast við alvarlegum atburðum, meðal annars vegna mikillar fjölgunar erlendra ferðamanna á Íslandi. Til þess að fagleg viðbrögð verði tryggð, þarf að tryggja þekkingu, öfluga samhæfingu, traustar neyðarvarnir um allt land og búnað sem stenst nútímakröfur. Gera verður ráð fyrir verstu sviðsmyndum í því samhengi,

svo sem jarðskjálftum að vetrarlagi, slysum í farþegaskipum og hamförum í þéttbýli. Undirritaðir telja að með minnkandi kassatekjum verði að tryggja málaflokknum öruggar tekjur þannig að við höldum stöðu okkar sem sannfærandi viðbragðsaðili eins og félaginu ber samkvæmt landslögum.

Undirritaðir eru Halldór Valdimarsson, formaður Rauða krossins í Þingeyjasýslu, Geir Jón Þórisson, formaður Rauða krossins í Vestmannaeyjum, Árni Þorgilsson, formaður Rauða krossins í Rangárvallasýslu og Sigurður Ólafsson, formaður Rauða krossins í Eyjafirði.

Tillaga stjórnar um fjármögnun málsvarastarfs. Anna Stefánsdóttir formaður Rauða krossins á Íslandi bar upp tillögu stjórnar svohljóðandi: *Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi, haldinn í Reykjavík 17. maí 2014, samþykkir að 10% af nettótekjum fatasöfnunar Rauða krossins á ári verði varið til þess málsvarastarfs sem Rauði krossinn hefur með höndum á hverjum tíma. Málsvarastarfið er gegn fordómum, í þágu flóttamanna og hælisleitenda, í þágu þeirra sem höllum fæti standa í samfélaginu á hverjum tíma og hafa fáa eða enga málsvara. Meðal verkefna verði einnig að fræða um Genfarsamningana og koma að mótun sérstakra átaksverkefna tengdu framansögðu. Ráðstöfunin kemur til framkvæmda 1. júní 2014 og er til endurskoðunar á aðalfundi 2018.*

Framlagið yrði merkt eftirfarandi verkþáttum:

- Uppbyggingu á fræðslu og miðlun þekkingar um viðkomandi málaflokka til almennings, stjórnvalda og deilda félagsins um allt land.
- Niðurstöðum landskönnunar Rauðakrossins „*Hvar þrengir að?*“ verði fylgt eftir hvað málsvarastarf varðar.
- Þróun verkefna tengdu málsvarastarfi sem landsskrifstofa og deildir framkvæma.
- Til að tryggja að sérstakur starfsmaður hjá landsskrifstofu Rauða krossins sinni málsvarastarfi félagsins og vinni að átaksverkefnum þeim sem því tengjast hverju sinni og styðji deildir í málsvarastarfi.

Rökstuðningur:

Í stefnu félagsins er málsvarastarf einn þriggja lykilþátta í starfi að „mannúð og félagslegu öryggi“ sem er ein þriggja meginstoða stefnu Rauða krossins á Íslandi. Auk þess segir í leiðarljósi félagsins að félagið standi „vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga“. Málsvarastarf í þágu berskjaldaðra ætti því að vera miðlægt og mikilvægt í öllu starfi félagsins. Eins og stendur er þessu mikilvæga hlutverki ekki markaðar ákveðnar tekjur. Félagið hefur hins vegar sinnt málsvarastarfi sem hluta af öðrum verkefnum. Starfinu hefur því miður ekki verið gert jafn hátt undir höfði undanfarin ár og nú þyrfti vegna minnkandi kassatekna. Tekjur frá verkefninu Mannvinum hafa hækkað talsvert milli ára og eru þeim ráðstafað til hjálpar og mannúðarstarfs erlendis. Tekjur vegna fataverkefna hafa vaxið umtalsvert milli ára undanfarin ár. Meiri hluti þeirra tekna (75%) er varið til alþjóðlegs hjálpar- og mannúðarstarfs. Einnig er ákveðnu hlutfalli af kassatekjum varið til hjálpar- og mannúðarstarfs. Síðan hafa fjármunir frá stjórnvöldum til fyrrgreinds starfs aukist umtalsvert. Allt þetta hefur gert það að verkum, að um 360 milljónir króna eru á biðreikningum félagsins vegna alþjóðlegs hjálpar- og mannúðarstarfs þar af um 100 milljónir króna til aðstoðar á átakasvæðum.

Ef fram fer sem horfir, að tekjur af fataverkefni aukast um 25% á milli ára (voru 100 milljónir nettó árið 2013) eru 10% til málsvarastarf aðeins hluti af þeirri krónutöluaukningu sem verður á hverju ári. Félagið hefur einnig sinnt málsvarastarfi í þágu hópa eins og

hælisleitenda og sinnt aðstoð við þá og fengið til þess framlög frá stjórnvöldum. Ef félagið ætlar að sinna málsvarastarfi af alvöru og á sjálfstæðan máta er nauðsynlegt að málaflöknum sé markaður fastur tekjustofn eins og hér er lagt til. Stjórn Rauða krossins á Íslandi telur að með minnkandi kassatekjum en aukningu á tekjum á öðrum vettvangi sé mikilvægt að tryggja málaflöknum öruggar tekjur þannig að við höldum stöðu okkar sem sannfærandi málsvari sem félaginu ber samkvæmt lögum þess og stefnu.

Stefán Yngvason gerði síðan grein fyrir hver áhrif þessara tveggja tillagna (varðandi málsvarastarf og Neyðarmiðstöð) yrðu á það fjármagn sem kemur frá fataverkefninu og þessum tillögum er ætlað að fjármagna, minnkun fjárstreymis í hjálparsjóð. Hann varpaði upp nokkrum glærum með útskýringum.

Umræður:

Silja Ingólfssdóttir Rauða krossinum í Reykjavík spurði um þau 13% sem lagt er til að fari til Neyðarmiðstöðvar til viðbótar við það þau 40% sem fara til sameiginlegra verkefna. Það er hægt að sækja um í Verkefnasjóð fyrir neyðarvörnum og svo eru villandi upplýsingar gefnar upp um skiptingu Fatasöfnunar og framlag til Hjálparsímans. **Kristján Sturluson** minnti á hvernig fatasöfnunin byrjaði. Hún byrjaði á því að föt voru send til útlanda og síðan var byrjað að selja föt og ágóðinn fór til Hjálparsímans. Þá þurftu deildir sem söfnuðu fötum ekki að leggja af kassatekjum til Hjálparsímans. Við þurfum að geta sagt skýrt hvernig peningunum fyrir Fatasöfnun er varið. Það þarf að varast að líta á þessar tekjur sem öruggar tekjur. Það að gera ráð fyrir 25–30% vexti áfram er varasamt. Hann benti líka á að í tillögunni segir að aðalfundur árið 2018 endurskoði hana. **Kristján kom með breytingatillögu.** Í tillögunum um málsvarastarf stendur að reglur skulu koma til endurskoðaðar á aðalfundi en tillaga hans kveður á um að bæta inn í tillöguna varðandi málsvarastarfið að síðasta málsgreinin hljóði svo.. *í síðasta lagi 2018.*

Hermann Ottósson svaraði síðan Silju varðandi Neyðarmiðstöðina og sagði einnig að möguleiki félagsins til að verja peningum í verkefni sem ekki eru endilega eyrnamerkt eru litlir og það þarf að gæta að því. Hjálparsíminn 1717 verður tekinn til endurskoðunar og endurmótunar og ekkert endilega ákveðið að hún tengist við aðra starfsemi.

Tillaga Halldórs Valdimarssonar og fleiri um fjármögnun neyðarvarna var samþykkt með þorra atkvæða gegn 4.

Fundarstjóri spurði síðan hvort fundurinn gæti samþykkt að bera upp tillöguna um fjármögnun málsvarastarfs með breytingatillögu Kristjáns og var það samþykkt. Tillagan með áorðnum breytingum (Kristjáns um að í stað 2018 komi í síðasta lagi árið 2018) var samþykkt með þorra atkvæða gegn 5.

Tillaga frá stjórn til aðalfundar um laganefnd. Ragna Árnadóttir, varaformaður Rauða krossins á Íslandi:

Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi, haldinn í Reykjavík 17. maí 2014, samþykkir að setja á fót laganefnd sem hefur tvö hlutverk. Annars vegar hefur laganefnd úrskurðarhlutverk um túlkun á lögum félagsins. Ef upp kemur ágreiningur milli aðila í Rauða krossinum um túlkun á lögum félagsins er unnt að vísa ágreiningi til laganefndar óski annar hvor aðila eða báðir

eftir því. Úrskurðir laganefndar eru bindandi fyrir þá aðila sem hlut eiga að máli. Hins vegar skal nefndin rýna í lög félagsins með það að markmiði að gera tillögur til aðalfundar 2016 um hvernig þau verða skýrari og afdráttarlausari um þau atriði sem óskýr þykja. Við þá rýnivinnu ráðfærir nefndarfolk sig eftir þörfum við sjálfbóðaliða og sérfræðinga. Aðalfundur skipar 3 fulltrúa í laganefnd til tveggja ára að fenginni tillögu kjörnefndar. Laganefnd tekur til starfa 1. júní 2014.

Greinargerð með tillögu:

Laganefnd Rauða krossins var sett á laggirnar 2011 og hafði það hlutverk að endurskoða lög félagsins. Þeirri endurskoðun lauk með samþykkt nýrra laga félagsins á aðalfundi árið 2012 og þar með lauk hlutverki laganefndarinnar. Sumar greinar laganna þykja óskýrar og hefur ágreiningur risið innan félagsins undanfarið um túlkun á einstaka ákvæðum laganna. Nauðsynlegt getur verið að hafa óháðan úrskurðaraðila á vegum félagsins þar sem beina má ágreiningi til, þegar aðilar ná ekki samkomulagi um mál þrátt fyrir verulegar tilraunir þar um. Teymi Alþjóðasambandsins, sem kom til landsins í vetur og kynnti sér þau málefni sem hafa valdið ágreiningi í félaginu, lagði til að aðalfundur 2014 setti á fót starfshóp (laganefnd félagsins) sem hefði það umboð að leggja fram tillögu að endurskoðuðum lögum félagsins árið 2016. Teymið benti einnig á að þrátt fyrir að lög Rauða krossins á Íslandi væru yfirfarin af laganefnd Alþjóðasambandsins og stæðust lágmarkskröfur þar um væru atriði sem mætti bæta til að gera þau afdráttarlausari, ekki síst um verkaskiptingu landsstjórnar og deildarstjórna. Stjórn ræddi á tveimur fundum um fjölda nefndarmanna. Niðurstaða var að leggja til þrjá nefndarmenn. Reynsla hefur sýnt að fámennari nefndir sem kallar til sín sérfræðinga og leikmenn til að rýna hugmyndir og tillögur leiðir af sér virkari og einbeittari vinnu en í fjölmennari vinnuhópum. Hér er einnig verið að horfa til þess að fjölmennir vinnuhópar eru umtalsvert kostnaðarsamari fyrir félagið en fámennir.

Spurning kom úr sal hvort gert væri ráð fyrir að fulltrúarnir í laganefndinni væru launaðir eða sjálfbóðaliðar og **Ragna Árnadóttir** svarari því að þeir kæmu til með að vera ólaunaðir. **Sævör Þorsteinsdóttir** í Grundarfirði spurði hvort nefndin hefði tvíþætt hlutverk, það er að skoða lögina og úrskurða um þau. Ragna svaraði að þetta væri góð þæling og sagði að nefndin gæti gert hvort tveggja.

Atkvæðagreiðsla. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Stjórnarkjör:

Kosning formanns samkvæmt 8. gr. *Úlfar Haukson*, formaður kjörnefndar gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar. Hann fór einnig yfir hlutverk kjörnefndar og vinnu og undirbúning. Tillaga frá kjörnefnd var send út þann 14. apríl. Úlfar kynnti tillögu kjörnefndar um Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá Hafnarfjarðardeild til formanns. Jafnframt tilkynnti hann að Sveinn Kristinsson Akranesi hefði boðið sig fram til formanns. Úlfar fól síðan fundarstjóra að stýra kosningunni. Fundarstjóri bauð frambjóðendum til formanns að kynna sig.

Kosning annarra stjórnarmanna og varamanna samkvæmt 7. gr. *Úlfar Hauksson*, formaður kjörnefndar. Til 4 ára: Sigrún Árnadóttir Suðurnesjadeild, Jónas Sigurðsson Barðarstrandasýsludeild, Hrund Snorradóttir Vopnafjarðardeild, Halldór Valdimarsson Þingeyjasýsludeild og Margrét Vagnsdóttir Borgarfjarðardeild. Þar sem ekki komu fram fleiri tillögur var kjör stjórnarmanna til 4 ára afgreitt með lófataki.

Kjör stjórnarmanns til 2. ára – Tillaga kjörnefndar var um Jón Þorsteinn Sigurðsson en hann dró framboð sitt tilbaka af persónulegum ástæðum. Hann hvatti Oddrúnu Kristjánsdóttur í kvennadeild Reykjavíkurdeildar til að bjóða sig fram í sinn stað. Oddrún kynnti sig og bauð sig fram til stjórnar félagsins.

Fundarstjóri lýsti eftir framboðum – Hann las upp bréf frá Sveini Þorsteinssyni formanni Rauða krossins í Vík þar sem hann komst ekki á fundinn en býður sig fram til stjórnar til tveggja ára.

Gengið til atkvæðagreiðslu um stjórnarkjör stjórnarmanns til 2ja ára.

Atkvæðum safnað saman af starfsmönnum landsskrifstofu og farið með þau í talningarherbergi. Kjörnefndarmenn stýrðu talningu.

Kosning tveggja varamanna í stjórn. *Úlfar Hauksson*, formaður kjörnefndar: Þóra Björk Nikulásdóttir og Ívar Kristinsson voru kosin varastjórnarmenn til tveggja ára.

Kosning tveggja skoðunarmanna. *Úlfar Hauksson*, formaður kjörnefndar: Tillaga um Sigrúnu Camillu Halldórsdóttur og Gunnlaug Dan Ólafsson sem skoðunarmenn reikninga. Samþykkt með lófataki.

Kosning fulltrúa í laganefnd. *Úlfar Hauksson*, formaður kjörnefndar: Gunnar Frímannsson, Margrét María Sigurðardóttir og Ómar H. Kristmundsson. Nefndin skipti með sér verkum. Samþykkt með lófataki.

Kosning kjörnefndar. *Ragna Árnadóttir*, varaformaðurs gerði grein fyrir tilnefningu í kjörnefnd. Aðalmenn til 4 ára: Anna Stefánsdóttir fráfarandi formaður Rauða krossins og Helga Gísladóttir formaður Rauða krossins í Barðastrandarsýslu. Varamenn til 2 ára: Eyjólfur Sturlaugsson formaður Rauða krossins í Búðardal og Sveinn Þorsteinsson formaður Rauða krossins í Vík. Kristján Sturluson benti á að ekki væri hægt að afgreiða þennan lið fyrir en kosningu varamanna í stjórn væri lokið þar sem kjörnefndarmaður geti ekki einnig verið stjórnarmaður. Fundarstjóri upplýsti síðan niðurstöðu kosningu varamanns.

Niðurstöður úr atkvæðagreiðslu stjórnarmanna til 2ja ára. Sveinn fékk 33 atkvæði og Oddrún 63 og var því Oddrún kjörin stjórnarmaður til 2 ja ára.

Kosning síðanefndar. *Anna Stefánsdóttir*, formaður: *Til tveggja ára; Hörður Högnason sjálfboðaliði í Rauða krossinum á Ísafirði endurkjörin til 2ja ára (hann hefur verið formaður) Magnús Árni Magnússon sjálfboðaliði í Rauða krossinum í Hafnarfirði og Valborg Snævarr lögmaður.*

Anna Stefánsdóttir lýsti kjöri formanns: Greidd vou alls 101 atkvæði, einn seðill var auður, Sveinn fékk 57 atkvæði og Jóhannes Rúnar 43 atkvæði. Hún óskaði nýkjörnum formanni til hamingju og flutti hvatningarorð. Hún þakkaði síðan fundarmönnum fundarsetu og óskaði þeim góðrar heimkomu.

Ragna Árnadóttir óskaði eftir að fá orðið og flutti þakkarorð fyrir hönd stjórnar í garð fráfarandi formanns.

Jón Þorsteinn Sigurðsson formaður Rauði krossins í Reykjavík lagði fram eftirfarandi bókun í tengslum við skriflega atkvæðagreiðslu um 13. gr. laga Rauða krossins á Íslandi: Í skriflegri atkvæðagreiðslu sem haldin var um 13. gr. laga Rauða krossins á Íslandi var sett

hámark á framlag til einstakra deilda. Með því að setja hámark á deildir er í raun verið að koma í veg fyrir að einstaka deildir geti leyft góðum verkefnum að blómstra sem bitnar á starfi og skjólstæðingum félagsins. Breytingin á upphaflegu tillögunni brýtur forsendur breytinga á 12. gr. laganna um tekjuskiptingu innan félagsins en í greinargerð með tillögu nefndar um endurskoðun reglna um Verkefnasjóð segir sérstaklega „öll skerðingaákvæði eru afnumin.“ Hafa ber í huga að aðalfundur er æðsta vald Rauða krossins á Íslandi samkvæmt 7. gr. og því mikilvægt að ýrustu kröfur séu gerðar til breytinga sem þessarar. Ekki síst þegar um er að ræða afdrifaríkar breytingar um starfsemi deilda. Samkvæmt 12. lið 7 gr. þarf tvo þriðju hluta atkvæða til að breyta umræddri lagagrein (vitnað í þann lagatexta) og þar sem 65,6% atkvæða nær ekki þeim meirihluta, telur Rauði krossinn í Reykjavík að ekki hafi verið um meirihluta atkvæða að ræða.

Önnur mál

Undir liðnum önnur mál tók til máls Tómas Þórir Guðmundsson fyrir hönd Rauða krossins í Árnassýslu og færði félaginu gjöf í tilefni af 90 ára afmælis félagsins. Einnig færði hann, ásamt Guðmundi Bjarnasyni, Önnu Stafánsdóttur fráfarandi formanni gjöf með þakklæti fyrir góð störf. Pétur Þorsteinsson frá Reykjavíkurbænum tók til máls og þakkaði Önnu góð störf með kossi.

Fulltrúi frá Íslandsspilum kynnti síðan vinning í spilaleik hjá Íslandsspilum og hlaut Auður Kristjánsdóttir vinninginn.

Að svo mæltu gaf fundarstjóri nýkjörnum formanni Sveini Kristinssyni orðið. Sveinn þakkaði traustið og sagðist ekki hafa átt von á að ná kosningu. Hann tekur við embættinu af auðmýkt og sagðist hafa nægan tíma og þolinmæði og hét því að leggja sig allan fram og heimsækja allar deildir og vera þolinmóður og vanda sig, sprækur eins og lækur. Hann óskaði öllum góðrar heimferðar og heimkomu og tilkynnti að næsti aðalfundur verði handinn í Hafnarfirði 14. maí 2016. Hann boðaði nýkjörna stjórn til fundar í Efstaleitinu strax að loknum aðalfundi. Látið verkin tala sagði nýkjörinn formaður og sleit síðan fundi.